

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 2. mars 2023
Málsnúmer: 202302-0004
SS

Efni: Umsögn um framkvæmd á endurnýjun vindmylla í Þykkvabæ

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 1. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynnta framkvæmd Háblæjar ehf. um endurnýjun vindmylla í Þykkvabæ.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Framkvæmdin felur í sér að reisa tvær vindmyllur á undirstöðum fyrri vindmylla norðan við þéttbýlið Þykkvabæ. Vindmyllurnar sem fyrir voru höfðu verið í rekstri frá árinu 2014, önnur til 2017 og hin til 2022. Áformuðu vindmyllurnar verða eilítið lægri en þær sem fyrir voru.

Ekki er um fjölgun vindmylla að ræða og notast verður við innviði sem þegar eru til staðar. Rask sem fylgir framkvæmdinni verður því minni háttar. Sökum þessa eru þau umhverfisáhrif sem mest þarf að huga að, að mati Náttúrufræðistofnunar, áhrif á fuglalíf.

Framkvæmdasvæðið er á mikilvægu fuglasvæði sem er Suðurlandsundirlendið eins og fram kemur í greinargerðinni. Um Þykkvabæ og nágrenni fara tugþúsundir farfugla á ári hverju, sem m.a. sækja í tún og graslendi til hvíldar og fæðuöflunar. Einkum eru það gæsir og álfir. Ýmsar tegundir verpa á svæðinu, aðallega vaðfuglategundir en einnig grágæsir og andategundir. Þá dvelja flesta vetur þúsundir grágæsa á svæðinu og mörg hundruð álfta.

Lítið sem ekkert búsvæðatap verður af framkvæmdinni þó nálægð við vindmyllur fæli án efa varpfugla frá sem hefðu getað nýtt sér umhverfið eftir að fyrri vindmyllur voru fjarlægðar. Meginþátturinn sem þarf því að huga að er áflug fugla, bæði áflugshætta fyrir varpfugla sem dvelja á svæðinu en sérstaklega fyrir farfugla á fartíma þegar margar tegundir fara um svæðið í stórum hópum. Þar á meðal eru tegundir sem eru almennt viðkvæmar fyrir áflugshættu eins og álfir og gæsir. Meðal tegunda sem nýtir svæðið er blesgæs, sem er á valista.

Í greinargerðinni er vísað í að fylgst hafi verið með áflugi fugla á vindmyllurnar tvær sem voru fyrir og að lítil ummerki hefðu verið um áflug. Hins vegar kemur ekki fram hversu regluleg sú vöktun var, hvaða aðferðum var beitt og hvort sérstaklega var fylgst með á fartíma. Hræ fugla geta verið fljót að hverfa ef t.d. ef refir eða fuglar komast í þau. Vöktun á áflugi þarf því að vera markviss.

Þá skortir almennar upplýsingar um þéttleika fugla á svæðinu, bæði á varptíma og fartíma, sem og upplýsingar um tíðni, stefnu og flughæð farfugla á fartíma. Náttúrufræðistofnun mælir með að framkvæmdaaðili láti framkvæma fuglarannsóknir t.d. með radarmælingum til að hægt sé að byggja mat á áflugshættu á greinargóðum gögnum. Slíkar upplýsingar geta t.d. nýst við stýringu



á rekstri vindmylla þ.a. forðast sé að nota þær þegar fartími er í háþæli og áflugshætta líklegust til að vera mest.

Hvort sem farið verður í fullt mat á umhverfisáhrifum eða ekki telur Náttúrufræðistofnun þörf á að bæta upplýsingar um fuglalíf svæðisins til að hægt sé að meta áhrif vindmyllanna á fuglalíf á fullnægjandi hátt. Stofnunin er tilbúin að veita frekari ráðgjöf um það.

Önnur áhrif sem auðvitað þarf að taka tillit til eru ásýndaráhrif. Þau verða ekki meiri en voru af fyrri vindmyllum en óneitanlega setja vindmyllur töluverðan svip á landslag þar sem land er flatt og sjónlengdir miklar. Ágætlega er greint frá ásýndaráhrifunum í tilkynningunni.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

